

Ár 2018, þriðjudaginn 27. febrúar, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 4/2017:

X

og

Y

Úrskurðinn kveða upp lögfræðingarnir Dögg Pálsdóttir og Elsa S. Þorkelsdóttir og sr. Svavar Stefánsson sem skipaður var ad hoc í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 1-5/2017 auk sérfróðs aðila dr. Berglindar Guðmundsdóttur sérfræðings í klínískri sálfræði sem úrskurðarnefndin ákvað 3. janúar 2018 að kveða sér til fulltingis við meðferð málsins, sbr. lokamálslið 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar.

Upp er kveðinn svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er X [...] kt. [...]. Gagnaðili er Y kt. [...].

2. INNGANGUR

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (hér eftir úrskurðarnefnd) barst hinn 2. október 2017 tölvupóstur frá málshefjanda með frásögn dagsettri sama dag þar sem hún kvartar yfir óviðeigandi háttsemi gagnaðila.

Úrskurðarnefnd kom saman 4. október 2017 til að ræða erindið. Á fundinum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þar sem málið varðaði sambærilega háttsemi og þrjú önnur mál sem snertu sama gagnaðila og sem bárust frá fagráði um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar (hér eftir fagráð) 12. og 18. september 2017 teldi nefndin rétt að taka það til efnislegrar meðferðar.

Þá bókaði úrskurðarnefndin að þar sem þegar væri búið að skipa ad hoc nefndarmann til meðferðar mála nr. 1-3/2017 sem snertu sama gagnaðila væri rétt að hann tæki þátt í meðferð þessa máls hjá nefndinni.

Þar sem fyrir lá að gagnaðili var þegar kominn í leyfi frá störfum þurfti úrskurðarnefndin ekki að meta hvort rétt væri að leggja til að honum yrði veitt leyfi frá starfi meðan málið væri til meðferðar þótt það varðaði siðferðis- eða agabrot, sbr. 3. mgr. 6. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998 (hér eftir starfsreglur um úrskurðarnefnd).

Með tölvubréfi 23. september 2017 hafði Einar Gautur Steingrímsson hrl. tilkynnt að hann gætti hagsmuna gagnaðila í málum nr. 1-3/2017 fyrir úrskurðarnefndinni. Eftir að þetta mál barst nefndinni sinnti lögmaðurinn einnig hagsmunagæslu gagnaðila í því.

Í símtali 13. nóvember 2017 tilkynnti Þyrí H. Steingrímisdóttir hrl. að hún gætti hagsmuna málshefjanda í málinu fyrir úrskurðarnefndinni.

Við upphaf málsmeðferðar var það mat úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að eins og málið væri vaxið væri ekki ástæða til að leita sátta, sbr. 1. og 4. mgr. 6. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd.

Málsaðilar lýstu gagnaöflun lokið við upphaf málflutnings sem fór fram 26. janúar 2018. Var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Eftir að úrskurðarnefndin tók málið til úrskurðar 26. janúar 2018 taldi nefndin sig þurfa nánari upplýsingar um það frá biskupi hvort og þá hvaða vitneskja hefði legið fyrir hjá biskupi við afgreiðslu máls málshefjanda í máli nr. 1/2017 um önnur mál sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni. Var biskupi því ritað tölvubréf þar að lútandi 1. febrúar 2018, sem var ítrekað 7. s.m. Svar biskups barst með tölvupósti 12. febrúar 2018. Þar kom fram að við meðferð máls nr. 1/2017 vissi biskup af málum nr. 1, 2 og 5/2017.

3. KRÖFUGERÐ

Málshefjandi óskar eftir að úrskurðarnefndin taki afstöðu til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart henni sé agabrot eða siðferðisbrot sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (hér eftir þjóðkirkjulög). Þá er þess krafist, komist nefndin að þeirri niðurstöðu að um agabrot sé að ræða, að gripið verði til þeirra úrræða sem 4. mgr. 12. gr. segir til um. Í báðum tilvikum vísar málshefjandi einnig til starfsreglna um úrskurðarnefnd, einkum 5. og 17. gr.

Gagnaðili krefst þess aðallega að máli málshefjanda verði vísað frá úrskurðarnefnd. Til vara krefst gagnaðili þess að úrskurðarnefnd ákveði að aðhafast ekkert frekar í málinu.

4. MÁLAVEXTIR

Málshefjandi, sem er [...] og [...] oft við kirkjulegar athafnir, lýsir málavöxtum svo í bréfi sínu dags. 2. október 2017 að atvikið sem hún kvartar yfir hafi gerst í anddyri skrifstofu [...] fyrir 7-9 árum síðan. Gagnaðili hafi komið í anddyrið og hún staðið upp til að heilsa honum. Eins og þau voru vön faðmaði hún hann og ætlaði að kyssa hann á kinnina en þá snéri hann andlitinu að henni svo þau kysstust á munninn. Hún segist hafa orðið svolítið hissa en svo hafi gagnaðili stungið tungunni upp í hana og þá hafi hún orðið enn meira hissa. Henni hafi brugðið en kaus að láta eins og ekkert hefði gerst.

Á fundi með úrskurðarnefnd 18. október 2017 kom fram að málshefjandi hefur hitt fleiri konur sem hafa orðið fyrir sambærilegri reynslu af hálfu gagnaðila. Þess vegna finnst henni að engin kona eigi að þurfa að vera í starfi með honum í kirkju. Hún segist vita um eitt mál til viðbótar en sú kona vilji ekki kæra. Allar konurnar starfi innan kirkjunnar eða í tengslum við kirkjuna. Fram kom hjá málshefjanda að hún hefur aldrei rætt atvikið við gagnaðila hvorki þegar það gerðist né síðar. Hún sagðist hafa haft áhyggjur af því að hún hefði gefið röng skilaboð. Síðar hafi runnið upp fyrir henni að atvikið var óeðlilegt. Á fundinum bætti málshefjandi við frásögnina að henni fannst faðmlagið fast og svo leiftursnöggt snéri gagnaðili sér svo kossinn lenti á munninum. Margar hugsanir fóru þá í gegnum huga hennar. Henni brá þegar hann rak upp í hana tunguna. Hún man ekki hvort hann var [...] í athöfninni sem hún var að fara að [...] við. Hún segist hafa hörfað tilbaka þegar hann stakk upp í hana tungunni en gerir sér ekki grein fyrir hvort hún gerði það strax, hún varð svo hissa.

Á fundi úrskurðarnefndar 9. janúar 2018 útilokaði málshefjandi ekki, aðspurð, að hún og gagnaðili hafi um tíma heilsast með kossi á munninn eins og gagnaðili heldur fram. Hún minnst þess þó ekki sérstaklega og heldur sig við frásögn sína af atvikinu.

Fram kom hjá málshefjanda að hún ýtti atvikinu úr huga sínum, henni fannst það svo skrítið. Aðspurð man hún ekki hvenær það gerðist. Hún telur sig hafa lokað á atvikið í u.þ.b. fimm ár. Hún sagðist ekki hafa heyrt um sambærilega háttsemi nema frá [...] sem hún nafngreinir en sá [...] hafi stoppað gagnaðila. Sú frásögn hafi komið eftir að málshefjandi sagði [...] af sínu atviki. Hana minnst að þær hafi þá unnið á sama vinnustað. Aðspurð segist málshefjandi faðma flesta ef ekki alla sem hún hittir nema hún finni að fólk vilji það ekki.

Aðspurð segir málshefjandi gagnaðila hafa farið yfir sín mörk þegar hann stakk upp í hana tungunni. Málshefjanda fannst skrítið að gagnaðili skyldi kyssa hana á munninn en það var innan hennar marka. Málshefjandi segist alltaf reyna að leggja jákvætt í alla líkamstjáningu.

Hún segist hafa farið með málið núna til úrskurðarnefndar af því að hún heyrði af því að fleiri konur hefðu svipaða sögu að segja og væru búnar að fara til úrskurðarnefndar. Hún sagði frænda sínum sína sögu. Málshefjandi í máli nr. 5/2017 hafði sagt þessum frænda hennar sína sögu og hann þá bent henni (málshefjanda í máli nr. 5/2017) á sig. Málshefjandi í máli nr. 5/2017 hafði svo samband við málshefjanda og í framhaldinu fór hún með málið til úrskurðarnefndar.

Gagnaðili kannast ekki við atvikið og rekur ekki minni til neins slíks atviks milli málsaðila. Í greinargerð lögmanns hans dags. 14. nóvember 2017 kemur fram að gagnaðili kannast við að hann og málshefjandi hafi stundum kysst þannig að varirnar snertust og alltaf farið vel á með þeim enda taki málshefjandi fram að hún hafi ekki sýnt þess nein merki að hún væri þessu mótfallin. Gagnaðili hafi því a.mk. verið í góðri trú.

Á fundi úrskurðarnefndar 15. nóvember 2017 sagðist gagnaðili aðspurður ekki muna eftir atvikinu en fullyrðir að þau hafi um tíma heilsast með því að kyssast á munninn. Gagnaðili sagði að það hafi dáíð út og minntist þess ekki að það hafi eitthvað atvik orðið til þess. Gagnaðili sagðist aldrei hafa fundið að neitt væri að í samskiptum hans og málshefjanda. Hann muni ekki betur en að enn heilsist þau með því að faðmast þegar leiðir þeirra liggja saman.

5. MÁLSÁSTÆÐUR MÁLSAÐILA

5.1 Málsástæður málshefjanda

Málshefjandi lýsir atviki því sem kvartað er yfir til nefndarinnar þannig að gagnaðili hafi í eitt skipti líklega á árinu 2009 faðmað hana og kysst beint á munninn og stungið tungunni upp í hana.

1. Háttsemin brjóti í bága við 2. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um kynferðislega áreitni hafi hún gerst fyrir ársbyrjun 2008. Eftir þann tíma brjóti háttsemin í bága við 24. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
2. Til vara er því haldið fram að í háttseminni hafi falist kynbundin áreitni í skilningi 3. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
3. Í skilningi starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar, eldri reglna nr. 739/1998 eða yngri reglna nr. 955/2009 feli háttsemin í sér kynferðislegt ofbeldi en til vara kynferðislega áreitni í skilningi hugtaka starfsreglnanna.
4. Þá hafi gagnaðili með þessari háttsemi brotið 5. og 11. tölul. almennra siðareglna starfsmanna ríkisins.

5.2 Málsástæður gagnaðila

Gagnaðili byggir aðalkröfu sína, kröfu um frávísun, aðallega á því að engin krafa hafi verið gerð af hálfu málshefjanda fyrir úrskurðarnefndinni en einnig á því að mögulegt ágreiningsefni falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Hvorutveggja eigi að leiða til frávísunar frá úrskurðarnefnd.

Varakröfu sína um að úrskurðarnefndin aðhafist ekki frekar byggir gagnaðili á því að málshefjandi hafi engar kröfur gert fyrir nefndinni. Í öðru lagi geti nefndin ekki byggt á frásögn málshefjanda fyrir því að atvikið hafi gerst, hvað þá með þeim hætti sem hún upplifir það nú. Væri það gert gæti hver sem er staðhæft um brot gegn sér og talið það sannað ef gagnaðili man það ekki. Skortur á minningum geti í fyrsta lagi verið vegna þess að atvik sé gleymt. Í öðru lagi

sökum þess að aðilar muna atvik svo ólíkt að þeir tengja þau ekki einu sinni saman. Í þriðja lagi af því að atvikið hafi aldrei gerst. Ekki gangi upp að leggja frásögn málshefjanda einnar til grundvallar. Það sé í andstöðu við lög og dómaframkvæmd, afturhvarf frá réttarríkinu. Þá sé svo langur tími liðinn að hvorugur aðili geti treyst á minni sitt. Samskipti málsaðila fyrir og eftir umrætt atvik hafi verið góð og hnökralaus. Úrskurðarnefndin geti ekki gert upp á milli frásagnar aðila í þessum efnunum og ekkert siðferðisbrot hafi verið upplýst fyrir nefndinni.

Vegna fullyrðinga um kynferðislega áreitni af hálfu gagnaðila í garð málshefjanda vísar gagnaðili til 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og ákvæðinu var breytt með 8. gr. laga nr. 61/2007. Í því sambandi bendir gagnaðili þó á að ákvæðinu var breytt 2007 og tók gildi 4. apríl s.á. Ekki liggi fyrir með vissu af hálfu málshefjanda hvort atvikið hafi gerst fyrir eða eftir þann tíma. Vegna fullyrðinga um kynferðislega áreitni vísar gagnaðili til hæstaréttardóma í málum nr. 558/2008, 279/2012, 124/2015 og 684/2008.

Loks bendir gagnaðili á að biskup hafi hlutast til um að málshefjandi færi til sálfræðings til að tryggja að hann setti sér mörk í samskiptum á þann hátt að ekkert misskildist. Það var talið tryggt að mati sálfræðings. Í framhaldi þess ákvað biskup að gagnaðili gæti starfað áfram sem [...] í [...]. Úrskurðarnefndin geti ekki lagt til að biskup á grundvelli margra ára gamals atviks taki upp stjórnarsýslumál að nýju enda séu skilyrði 25. gr. stjórnarsýslulaga ekki uppfyllt. Vandséð sé hvað úrskurðarnefndin eigi að gera með svo gömul atvik sem væru fyrnd, hefði háttsemin verið refsiverð, sem hún var ekki að mati gagnaðila.

6. NIÐURSTAÐA

6.1 Krafa gagnaðila um frávísun

Gagnaðili byggir frávísunarkröfu sína á tveimur málsástæðum. Í fyrsta lagi að engin krafa hafi verið gerð af hálfu málshefjanda fyrir úrskurðarnefndinni. Á fundi úrskurðarnefndar 18. október 2017 kemur fram hjá málshefjanda að hún vill ekki að gagnaðili starfi sem [...] í kirkju. Hún viti af fleiri konum með sambærilega og verri reynslu en hún varð fyrir. Engin kona eigi að þurfa að vera í starfi með gagnaðila í kirkju. Þá kom fram á fundinum að málshefjandi telur gagnaðila ekki vera starfi sínu vaxinn vegna þessarar háttsemi. Á fundi úrskurðarnefndar 15. nóvember 2017, þegar lögmaður hafði tekið við hagsmunagæslu málshefjanda, bókaði lögmaðurinn að málshefjandi óski úrlausnar úrsurðarnefndar er varða siðferðis- og agabrot og vísaði til 12. gr. þjóðkirkjulaga og 17. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd hvað það varðar. Þó málshefjandi hefði mátt orða kröfugerð sína fyrir nefndinni skýrar fyrr en fyrir liggur er þó ljóst að strax 18. október 2017 fellir hún atvikið sem hún kvartaði yfir a.m.k. undir agabrot. Þetta lá fyrir þegar gagnaðili skilaði greinargerð sinni dags. 14. nóvember 2017. Frá því að kröfugerð málshefjanda var frekar útfærð hefur gagnaðili haft fjölmörg tækifæri til að bregðast nánar við henni, síðast í málflutningi 26. janúar 2018. Frávísunarkröfu gagnaðila sem byggir á þessari málsástæðu er því hafnað.

Í öðru lagi byggir gagnaðili frávísunarkröfu sína á því að mögulegt ágreiningsefni milli málsaðila falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Í 1. mgr. 12. gr. þjóðkirkjulaga segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar sé borinn sökum um siðferðis- eða agabrot geti hver sá sem hagsmuna eigi að gæta borið málið undir úrskurðarnefndina. Fyrir liggur að málshefjandi hefur borið gagnaðila sökum um siðferðis- eða agabrot og hefur sem aðili sem á hagsmuna að gæta borið það mál undir úrskurðarnefndina. Þegar af þeirri ástæðu heldur ekki sú málsástæða gagnaðila að ágreiningsefnið falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Frávísunarkröfu gagnaðila sem byggir á þessari málsástæðu er því hafnað.

6.2 Efnisleg umfjöllun

Málshefjandi lýsir atviki því sem kvartað er yfir til nefndarinnar þannig að gagnaðili hafi í eitt skipti líklega á árinu 2009 faðmað hana, kysst hana á munninn og stungið tungunni upp í hana. Gagnaðili kannast ekki við atvikið og rekur ekki minni til neins þvíumlíks. Hann geti því ekki tjáð sig um atvikið, aðeins mótmælt staðhæfingunni. Á fundum úrskurðarnefndar skýrði gagnaðili frá því að hann og málshefjandi hefðu um tíma heilsast með því að kyssast á munninn. Málshefjandi útilokaði ekki á fundi úrskurðarnefndar að sú staðhæfing gagnaðila væri rétt og sagði gagnaðila hafa farið út fyrir hennar mörk þegar hann stakk tungunni upp í hana.

Báðir málsaðilar kannast því við að hafa um tíma heilsast með því að kyssast á munn. Telur úrskurðarnefndin því allt benda til þess að atvik það sem málshefjandi kvartar yfir, þ.e. koss á munn, hafi gerst. Úrskurðarnefndin getur hins vegar ekki, gegn eindregnum mótmælum gagnaðila, lagt mat á trúverðugleika fullyrðingar málshefjanda um að gagnaðili hafi stungið tungunni upp í hana í það skipti sem hún kvartar yfir.

Í máli þessu er eins og að framan er rakið óskað eftir afstöðu úrskurðarnefndar til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda feli í sér aga- eða siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurðarnefndin telur að þó svo að a.m.k. níu ár séu frá því að atvikið gerðist og mögulega enn lengri tími þá eigi málshefjandi rétt á því að fá efnislega afstöðu úrskurðarnefndairinnar til þess hvort í þeirri háttsemi gagnaðila, sem úrskurðarnefndin telur að leggja megi til grundvallar, felist aga- eða siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Hugtökin agabrot og siðferðisbrot eru ekki skýrð í þjóðkirkjulögum eins og fram kemur í úrskurði áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/1999 frá 3. september 1999. Áfrýjunarnefndin telur að í agabroti felist brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara, sbr. 11. gr. þjóðkirkjulaga um kirkjuaga. Úrskurðarnefndin telur að miðað við skilgreiningu áfrýjunarnefndar á agabroti teljist háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda ekki agabrot.

Í sama úrskurði áfrýjunarnefndarinnar segir að hugtakið siðferðisbrot hafi mjög óljósa merkingu í lagamáli. Ganga megi að því vísu að siðferðisbrot þurfi ekki að vera refsivert brot að lögum, jafnvel ekki neins konar réttarbrot. Siðferðisbrot þurfi ekki heldur að vera svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt sé að miða við eins konar vísireglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm til þess að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skipti verulegu máli hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verði að gera strangar kröfur til [...] þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis i störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru i fyrisvari fyrir. Það er mat úrskurðarnefndar að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hljóti alltaf að teljast siðferðisbrot skv. 12 gr. þjóðkirkjulaga.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda falli undir hugtökin kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni, eins og málshefjandi heldur fram. Málshefjandi telur gagnaðila með háttsemi sinni hafa beitt hana kynbundnu ofbeldi en til vara kynferðislegri áreitni eða kynbundinni áreitni. Hugtökin kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni eru skilgreind í 3. - 5. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008. Á þeim tíma sem málshefjandi telur atvikið hafa gerst var ekki búið að breyta skilgreiningu þeirra eins og gert var með 1. gr. laga nr. 62/2014. Í skilgreiningu hugtakanna kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni var á þeim tíma gerð krafa um að háttsemin héldi áfram eftir að skýrt væri gefið í skyn að hegðunin væri óvelkomin. Þegar af þeirri ástæðu fellur háttsemi sú sem gagnaðili telst hafa sýnt málshefjanda ekki undir lög nr. 10/2008.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi gagnaðila teljist siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga óháð því að háttsemin teljist ekki kynferðisleg áreitni eða kynbundin áreitni.

Í framangreindum úrskurði áfrýjunarnefndar segir að við mat á því beri að veita úrskurðaraðilum svigrúm til að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma. Þá skiptir staða viðkomandi verulegu máli og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Eins og áður greinir eru málsaðilar sammála um það að þau hafi um tíma heilsast með þeim hætti að faðmast og kyssast á munninn. Almennt séð telur úrskurðarnefnd það hvorki hófsamlegt né innan velsæmismarka hjá [...] að heilsa samstarfsmanni með því að kyssa á munn. Almennt séð telur úrskurðarnefndin því að slík kveðja af hálfu [...] sé siðferðisbrot. Í þessu máli getur úrskurðarnefndin þó ekki lagt annað til grundvallar en að háttsemi gagnaðila hafi verið kveðja sem báðir aðilar voru sáttir við. Þegar af þeirri ástæðu telst háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda ekki siðferðisbrot í þessu máli.

Það er því niðurstaða úrskurðarnefndar að í háttsemi þeirri sem málshefjandi kvartar yfir af hálfu gagnaðila og sem úrskurðarnefndin telur sannaða, felist hvorki aga- né siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu gagnaðila er hafnað.

Hafnað er kröfu málshefjanda um að háttsemi gagnaðila gagnvart henni sé aga- eða siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málshefjanda var tilkynnt um hann.¹

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Dögg Pálsdóttir (sign.)

Elsa S. Þorkelsdóttir (sign.)

sr. Svavar Stefánsson (sign.)

Sérfróður aðili, sem úrskurðarnefndin kvaddi sér til fulltingis skv. 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998

Dr. Berglind Guðmundsdóttir (sign.)

¹ Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.